

SVÆÐISGARÐURINN SNÆFELLSNES



Tími og staður : Símafundur
24.október.2016 kl. 9

FUNDARGERÐ

10.fundur 2016	Framkvæmdastjórn Svæðisgarðsins Snæfellsnes
Fundarefni	Ársreikningar 2015, Aðalfundur Eigendaráðs, drög að fjárhagsáætlun 2017 og umsóknir í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða
Fundarstjórn	Ragnhildur
Fundarritari	Ragnhildur
Fundarmenn	Kristín Björg, Eyþór, Sturla, Hallur og Ragnhildur.
Framlögð gögn	Ársreikningar, Drög að dagskrá Eigendaráðsfundar, minnisblað framkvæmdastjóra

DAGSKRÁ

1. Samþykkt ársreikninga 2015
<ul style="list-style-type: none">Farið var yfir gögn frá KPMG/Gyðu og ársreikningur 2015 samþykktur. Félagið er skattskyldur aðili og fær því fjármagnstekjuskatt endurgreiddan í stað þess að hann sé gjaldfærður. Rekstarsniðurstaða er 15.000 kr. í hagnað um áramót. Stjórn heimilar Gyðu að senda inn gögn.Unnið er að því að gera Svæðisgarðinn að Sjálfseignarstofnun.
2. Aðalfundur Eigendaráðs
<ul style="list-style-type: none">Ákveðið að halda aðalfund Eigendaráðs á tímabilinu 16.-18. nóvember n.k. Framkvæmdastjóra falið að boða til fundar.Gengið frá dagskrá: Ákveðið að biðja Jón Björnsson nýráðinn þjóðgarðsvörð að halda stutt erindi um framtíðarsýn og mögulega samstarfsfleti þjóðgarðs og svæðisgarðs. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að tengja þjóðgarð og svæðisgarð á Snæfellsnesi saman m.a. í gegn um Vini Snæfellsjökuls, hollvinasamtökin sem hægt væri að vista hjá Svæðisgarðinum. Framkvæmdastjóra falið að kynna stuttlega vinnu við Jarðvanga.Framkvæmdastjóra falið að senda út lista yfir eigendarád með ósk um skipan varamanna
3. Fjárhagsáætlun
<ul style="list-style-type: none">Unnið er að fjárhagsáætlun fyrir 2017. Samþykkt að senda út drög til sveitastjórna með fyrirvara um samþykki . 200.000 kr. verði settar í merkingar á skrifstofuadstöðu og til að gera svæðisgarðinn sýnilegan. Gert er ráð fyrir 3% hækkun launaliða milli ára. Framlag svæðisgarðs í umsóknum og samvinnuverkefnum er aðallega vinnuframlag en gert er ráð fyrir 500.000 kr í forgangsverkefni.
4. Umsóknir í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða
<ul style="list-style-type: none">Breiðablik. Samþykkt að svæðisgarðurinn sendi inn umsókn í FF, skv. loka drögum að umsókn verður 20 % mótfamlag svæðisgarðsins 710.000 kr og það felst í vinnu starfsmannsHelgafell. Samþykkt að vinna áfram að því að koma umsókn í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða, í samstarfi við UST/Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.
5. Önnur mál
<ul style="list-style-type: none">Rætt um ferðaleiðir á Snæfellsnesi, hvernig reiðleiðir, gönguleiðir og hjólaleiðir tengjast saman milli sveitarfélaga og mikilvægi þess að festa slíkar leiðir í aðalskipulagi hvers sveitarfélags.



Lagt til að skipa starfshóp um ferðaleiðir, þvert á sveitarfélagsmörk, til að framfylgja markmiðum í svæðisskipulagi og tengja vinnu svæðisgarðs m.a. DMP vinnu Ferðamálastofu og stjórnstöðvar Ferðamála sem unnin er á landsvísu. Samráðsfundur með Svæðisgarðinum Snæfellsnesi, Tom (skoskum ráðgjafa) og Hrafnhildi (Ferðamálastofu) verður í Reykjavík 1. nóvember n.k. frá kl. 13.15 og 16.15. Mikill skilningur og áhugi er á því að byggja á þeirri vinnu sem unnin hefur verið á Snæfellsnesi og hjálpa okkur að komast hratt áfram með stuðningi, þannig að vinnan geti orðið fordæmisgefandi fyrir önnur sveitarfélög og svæði á Íslandi.

- Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 9.35